

23. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs (símafundur) 5. ágúst 2015 kl. 10:00.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sátu símafundinn Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri jarðvangsins, Guðlaug Ósk Svansdóttir og Eiríkur Vilhelm Sigurðsson

Ásgeir formaður setur fund. Eina fundarefnið er að fara yfir stöðu mála varðandi skipulag á heimsókn úttektaðilanna tveggja sem koma til landsins síðar í dag. Brynja og Sigurður munu ná í þá til Keflavíkur síðar í dag og í kvöld munu þeir snæða kvöldverð á Hótel Fljóshlíð með Brynju og Guðlaugu. Tengiliðir í hverju sveitarfélagi hafa gengið frá ítarlegri dagskrá fyrir sitt sveitarfélag í samvinnu við stjórnarmenn og sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélaga. Brynja og Sigurður verða með úttektaðilunum allan tímann, í Rangárþingi eystra mun Guðlaug verða með þeim á fimmtudeginum, í Mýrdalshreppi verða Ásgeir og Eiríkur með þeim á föstudeginum en á þessari stundu er óljóst með Skaftárhrepp þar sem Þorbjörg Ása verður upptekin. Einstök sveitarfélög munu bera kostnað af veitingum og gistingu í sínu sveitarfélagi.

Fundarmenn lýstu ánægju með vel skipulagða dagskrá.

Fleira ekki, fundi slitið um kl. 11:45.